

Héraðsdómur Norðurlands vestra

Dómur 26. maí 2020

Mál nr. S-27/2020:

Ákærvaldið

(*Sigurður Hólmur Kristjánsson saksóknarfulltrúi*)

gegn

X

(*Stefán Þórarinn Ólafsson lögmaður*)

Dómur

I

Mál þetta, sem tekið var til dóms 5. þessa mánaðar var höfðað 6. febrúar sl. af lögreglustjóranum á Norðurlandi vestra á hendur X, fæddri [...], til heimilis að [...], , fyrir líkamsárás, „með því að hafa, síðdegis sunnudaginn 17. nóvember 2019, á sambýli fyrir fatlaða að B á D, veist að vistmanni sambýlisins, A, kt. 000000-0000, öskrað á hann, rifið í handlegg hans og sparkað aftan í hann með þeim afleiðingum að A hrasaði og féll í sófa sem var þar hjá.

Teljast brot ákærðu varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

II

Atvik máls.

Brotapoli í máli þessu, A, er með töluverða þroskahömlun og getur ekki tjáð sig með orðum en gerir það að vissu marki með hljóðum og hreyfingum. Hann býr á sambýli fyrir fólk sem þarf mikla þjónustu og þar var ákærða starfsmaður á þeim tíma sem ákæran tekur til. Vegna þroskahömlunar brotapola hefur honum verið skiptaður persónulegur talsmaður og þá var honum við meðferð málsins hér fyrir dómi skipaður réttargæslumaður.

Með bréfi dagsettu 3. desember 2019 fóru E, persónulegur talsmaður A, og F, réttargæslumaður fatlaðs fólks á Norðurlandi, þess á leit við lögregluna á Norðurlandi vestra að rannsókn hæfist á broti ákærðu gegn A. Í bréfinu er því lýst að ákærða hafi í viðurvist tveggja samstarfsmanna ákærðu sparkað aftan í A.

Í framhaldi af kærinni, 9. desember 2019, tók lögregla skýrslu af ákærðu sem þar neitaði sök og lýsti því að ásökunin kæmi henni á óvart. Lögregla tók síðan, 31. desember sl., einnig skýrslu af vitnunum G og H, [...].

Af framburði fyrir dóminum verður ráðið að ætlað atvik hafi átt sér stað í setustofu sambýlisins þar sem brotapolí er vistmaður. Í setustofunni eru m.a. fjórir „lazy boy“ stólar sem allir snúa að sjónvarpi sem þar er og að auki eru þar sófar.

III

Framburður fyrir dómi.

Ákærða neitaði staðfastlega sök og lýsti því sem gerðist á vinnustað hennar þennan dag. Hún kvað heimilismenn þurfa mikla ummönnun og svo hafi verið umræddan dag. Lýsti hún í stórum dráttum ákveðnum störfum sem hún vann þennan dag og hvað samstarfsmenn hennar gerðu en þessi dagur hafi verið hefðbundinn og ekkert óvenjulegt hafi átt sér stað. Seinnipart dagsins hafi hún ásamt vitnunum H og G setið og horft á sjónvarpið, þó þannig að H og G hafi verið sofandi. Ákærða kvað A ekki hafa gengið fyrir sjónvarpið í þetta sinn en hann eigi það þó til. Þá sé hann beðinn um að færa sig og stundum láti hún hann hafa dót að leika sér að. Ákærða kvaðst ekki skilja hvers vegna samstarfsmenn hennar hafi borið á hana sakir en hún hafi unnið þarna í 22 ár án þess að nokkuð þessu líkt hafi komið upp. Ákærða bar að hún hafi unnið í mörg ár með vitninu H en með vitninu G hafi hún unnið í um eitt ár. Kvaðst hún hafa hugsað mikið um hvaða ástæður geti verið fyrir því að þau beri á hana þessar sakir. Hún hafi vissulega gert einhverjar athugasemdir við störf þeirra en þær hafi ekki verið alvarlegar. Þegar yfirmaður hennar ræddi atvikið við hana 10 eða 12 dögum síðar hafi hún þurft að rifja upp hverjir voru með henni á vakt þennan dag. Kvaðst hún hafa orðið fyrir áfalli við ásakanirnar en hún taldi sig hafa verið góðan starfsmann og hún hafi hugsað vel um sína skjólstæðinga. Ákærða kvaðst vegna ásakananna hafa haft samband við trúnaðarmann vinnustaðarins en hún hafi þá ekki verið látin vita af atvikinu. Ákærða bar að fyrir nokkrum misserum hafi staðið til að veita henni áminningu en yfirmaður hennar hafi ekki komið því í gegn. Ástæða þessa hafi átt að vera sú að hún væri erfið í samstarfi.

Vitnið G kvaðst, þegar atvikið átti sér stað, hafa setið í „lazy boy“ stól og verið að horfa á fréttir í sjónvarpinu. Á sama tíma hafi ákærða og vitnið H einnig setið í samskonar stólum fyrir framan sjónvarpið og þá hafi A komið og staðið fyrir sjónvarpinu. Ákærða hafi þá sagt honum að færa sig en hann ekki gert það. Ákærða hafi þá staðið á fætur, snúið honum með því að taka í vinstri handlegg hans, og sparkað í rassinn á honum. A

hafi við þetta misst jafnvægið og dottið í sófa. Um leið og þetta gerðist hafi ákærða sagt að þetta hafi ekki verið þjónandi leiðsögn heldur tákni með tali. Með ummælum sínum hafi ákærða verið að vísa í stefnu innan sambylisins sem kallist þjónandi leiðsögn. Vitnið kvaðst ekki hafa tekið eftir því að atvikið hafi haft áhrif á brotþola. Að sögn vitnisins hafa ekki verið samstarfsörðugleikar milli hennar og ákærðu. Vitnið kvað ákærðu ekki hafa sett mikið út á störf hennar. Vitnið staðfesti það sem fram kemur í endursögn af framburði hennar hjá lögreglu og lýsti því að á stundum hafi ákærða verið erfið í samstarfi en hún hafi ekki látið það hafa áhrif á sig. Vitnið greindi frá því að hún hafi enga ástæðu til þess að bera rangar sakir á ákærðu.

Vitnið H lýsti því að hann, vitnið G og ákærða hafi öll setið í stólum og verið að horfa á sjónvarpið. A hafi gengið um gólf og farið fyrir sjónvarpið líkt og hann geri stundum. Þau hafi nokkrum sinnum beðið hann um að færa sig en ákærða hafi þá tekið í vinstri upphandlegginn á A og sparkað fast í rassinn á honum. Við þetta hafi A dottið í sófa sem þarna er en borið fyrir sig hendurnar. Ákærða hafi um leið og þetta gerðist sagt við hann og vitnið G: „Þetta er tákni með tali en ekki þjónandi leiðsögn.“ Vitnið kvaðst ekki vita til hvers ákærða var að vísa með þessum ummælum sínum en ekki sé langt síðan þjónandi leiðsögn var innleidd á sambylinu. Vitnið kvaðst ekki hafa tekið eftir því að atvikið hafi haft áhrif á A. Að sögn vitnisins hefur hann heilt yfir átt í góðum samskiptum við ákærðu. Þau hafi þekkt og unnið saman lengi og aðeins umgengist utan vinnutíma en þau séu bæði með hross. Vitnið bar að þau hafi skipst á skoðunum en ósætti hafi ekki verið á milli þeirra. Að sögn vitnisins setti ákærða ekki mikið út á störf annarra starfsmanna en hún hafi gefið almennar leiðbeiningar. Þá kvað hann hana hafi fundið að því við sig og G að þau væru mikið úti að reykja og að þau ættu til að sofa í sófunum. Vitnið staðfesti samantekt lögreglu á framburði sínum þar. Að sögn vitnisins hefur hann enga ástæðu til að bera rangar sakir á ákærðu.

Trúnaðarmaður starfsmanna á vinnustað ákærðu gaf einnig skýrslu fyrir dóminum en hún varð ekki vitni að atviki því sem hér er til umfjöllunar. Vitnið greindi frá því að ákærða hafi komið til hennar eftir atvikið og greint henni frá því að ásakanirnar væru ósannar.

IV

Niðurstaða

Ákærða hefur bæði hér fyrir dómi og við skýrslugjöf hjá lögreglu staðfastlega neitað sök. Af hennar hálfu er á því byggt að ákærvaldinu hafi ekki tekist að sanna að

hún hafi gerst sek um háttsemi þá sem í ákæru greinir. Þá benti ákærða á að vitnin G og H væru [...] sem væri til þess fallið að draga úr gildi framburðar þeirra. Af hálfu ákæruvaldsins er hins vegar byggt á framburði vitna og öðrum gögnum málsins.

Að framan er rakinn framburður ákærðu og vitna. Brotþoli er hins vegar með svo mikla þroskahömlun að hann getur ekki tjáð sig og hann því ekki til frásagnar um atvik málsins. Framburður vitnanna G og H var samhljóða í öllum aðalatriðum og lýstu þau því bæði að þau, ásamt ákærðu, hafi setið fyrir framan sjónvarpið og verið að horfa á fréttir þegar brotþoli gekk fyrir sjónvarpið og vildi ekki færa sig frá því. Ákærða hafi þá staðið upp, tekið í vinstri handlegg brotþola, snúið brotþola og sparkað í rassinn á honum. Brotþoli hafi við þetta fallið í sófa í setustofunni. Með framburði vitnanna er að mati dómsins fram komin lögfull sönnun um að ákærða hafi tekið í handlegg A og sparkað í hann með þeim afleiðingum sem í ákæru greinir og verður henni því gerð refsing fyrir þessa háttsemi.

Brot ákærðu er í ákæruskjali heimfært undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Ekkert bendir til sýnilegra áverka af árásinni en það er ekki skilyrði að áverkar hljótist af árás til þess að hún verði felld undir nefnda lagagrein. Þá báru vitnin G og H að þau telji að árásin hafi ekki haft neinar afleiðingar fyrir brotþola. Háttsemi ákærðu er hins vegar ekki talin varða við önnur lög og verður henni því eingöngu refsað fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. Við ákvörðun refsingar ákærðu er sem endranær horft til ákvæða 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og tekið tillit til þess að hún hefur ekki áður sætt refsingu og þess að árásin var ekki hættuleg. Til refsilyngingar er hins vegar að árásin beindist að þroskahömluðum einstaklingi sem henni var treyst fyrir. Að þessu virtu þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga. Efni eru til að binda refsinguna skilorði og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Að fenginni þessari niðurstöðu ber með vísan til 235. gr. laga um meðferð sakamála að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar sem samanstendur af þóknun og 22.000 króna ferðakostnaði verjanda ákærðu og þóknun og 55.000 króna ferðakostnaði réttargæslumanns brotþola. Þóknun verjanda og réttargæslumanns er ákveðin, að teknu tilliti til umfangs málsins að meðtöldum virðisaukaskatti, eins og í dómsorði greinir.

Sigurður Hólmar Kristjánsson, saksóknarfulltrúi lögreglustjórans á Norðurlandi vestra, sótti málið.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærða, X, sæti fangelsi í 30 daga. Fullnustu refsingarinnar er frestað og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða greiði 692.115 krónur í sakarkostnað, þar með talin 334.100 króna málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Ólafssonar lögmanns, og 281.015 króna þóknun Júlíar Óskar Antonsdóttur, lögmanns réttargæslumanns brotaþola.

Halldór Halldórsson